

Nr. 17/1899:

Halldór Bjarnarson  
gegn  
Einari Einarssyni.

## D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði áfrýjandinn Halldór prófastur Bjarnarson á Presthólum gegn stefnda Einari Einarssyni á Hóli á Langanesi fyrir ærumeiðandi ummæli um sig í grein einni í 16. tölublaði 6. árgangs blaðsins Austra, er út kom 12. júní 1896 með nafni stefnda undir, svo og í ritgjörð nokkurri sérprentaðri og undirritaðri af stefnda, sem nefndist Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar, og sem prentuð var í prentsmiðju Þ. J. G. Skaftasonar 1897. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 28. nóvember f. á. með þeim úrslitum, að stefndi skyldi samkvæmt 119. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 greiða í sekt til landssjóðs 50 krónur eða sæta til vara 14 daga einföldu fangelsi. Svo voru og flest hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk og stefndi skyldaður til að greiða áfrýjandanum 40 kr. í málskostnað. Fyrir ósæmilegan rithátt var umboðsmaður áfrýjanda fyrir aukaréttinum Páll cand. Bjarnarson sektaður með dóminum um 50 krónur, er skyldu renna að hálfu í landssjóð, en að hálfu í fátækra sjóð Sauðanesshrepps. Er síðan kveðið svo á, að dóminum skuli fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. maí þ. á., og er þess

krafist af hans hálfu, að sektarákvæði héraðs-dómsins verði þyngt eftir því sem lög framast leyfa, að ákvæði hans um sekt fyrir ósæmilegan rithátt verði felt úr gildi, að að stefndi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Svo hefir áfrýjandi krafist þess, að yfirdómari Krjstján Jónsson víki úr dómarasæti í máli þessu sökum þess, að hann er bróðir undirdómarans, sem dæmt hefir málið í héraði; en viðvíkjandi þessari kröfu skal það þegar tekið fram, að yfirdómurinn álitur eigi neina nauðsyn á, að nefndur yfirdómari víki úr dómarasæti sínu vegna umrædds skyldleika, þar sem eigi er í málinu spurning um ábyrgð á hendur undirdómaranum. — Af hálfu stefnda hefir þess aftur á móti verið krafist, *fyrst og fremst*, að málinu verði vísað frá yfirdóminum og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur eða eitthvað nægilegt eftir mati réttarins, en *til vara*, að stefndi verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum áfrýjandans í málinu og áfrýjandinn dæmdur til að greiða honum allan málskostnað fyrir báðum réttum með 60 kr., eða einhverju nægilegu eftir réttarins mati.

Frávisunarkröfu sína hefir stefndi bygt á því, að að eins annar manna þeirra, er birtu áfrýjunarstefnuna á heimili stefnda, hafi verið lögskipaður og eiðsvarinn stefnuvottur. En þar sem stefndi hefir eigi neitað því, að stefnan hafi verið birt honum að öðru leyti á fullnægjandi hátt, enda hefir látið mæta samkvæmt henni í yfirdóminum, þá verður málinu eigi vísað frá dómi fyrir þessa sök.

Þá verður heldur eigi frávisunarkrafan tekin til greina að því leyti stefndi byggir hana á því, að engin sönnun sé fyrir því, að stefnan hafi verið löglega birt fyrir undirdómaranum, því að slík sönnun felst nægilega í áritun sýslumanns á stefnuna, þar sem hann lýsir því yfir, að stefnan hafi verið sér birt. Loks verður eigi heldur fundið neitt að sáttaumleituninni í málinu, þótt stefndi vilji halda því fram, að hún hafi eigi verið svo fullkomin sem skyldi.

Að sleptum þeim ummælum í fyrnefndum greinum, er bersýnilega eigi eru stýluð til áfrýjandans og sem undirdómarinn því með réttu eigi hefir talið meiðandi fyrir áfrýjandann, eru ummæli þau, er átalín eru í máli þessu, þau er nú skal greina: »Þó mun víst ekki, sem betur fer, finnast önnur dæmi hér á landi slík, sem um einn prófast austan Jökulsár í Axarfirði. Lítt hæfur kennimaður þykir hann sakir vitrýrðar og andleysis, enda fekk hann orð fyrir að vera mjög torgáfaður og óprúttinn á lærdómsárum sínum. Náungum hans kvað þykja hann ágjarn mjög og óskilvís, þrætugjarn og yfirgangssamur, ósanngjarn og svo óheill, að nálega hvert mannsbarn í hans sóknnum forðast hann sem pestina«. »Eftir að hafa hengslast með þetta í hempunni um nokkur ár . . . . fengu sóknarmenn hans á endanum von um að geta losast við »pestina«, þegar prófasturinn í fyrra loksins var kærður um gripdeild eða þjófnad« »er ekki svo að sjá sem biskupi hafi fundist mikið til um slíkt lítilræði« »fengið slíkt

orð og verið alment eins illa þokkaður í umdæmi sínu sem þessi prófastur í sínum sóknum«, »enda getur hann ekki séð . . . hvernig slíkur prófastur verkar sáluhjálpin hjá sínum sóknarbörnum«, »varast að heyra slíkan þjón boða guðsríki, svo ekki hneykslist neinn þar af, því »vei þeim sem hneykslinu veldur« »með hvaða tilfinningum . . . menn meðtaki syndanna fyrirgefningu í guðs nafni og altarissakramentin úr slíkum höndum«, »varast að skýla skálkum því«, »öllu miður sæmilegu framferði prófastsins«, »ósóma af þeim orðróm, sem gengur um þennan herrans þjón«, »Vér álitum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu . . . Þetta sama hefi eg álitid og álit enn«, »mundi líða slíkt hneyksli«, »að slíkt athæfi skyldi líðast«, »lét hneykslið lifa með sér«.

Framantalin ummæli verða að teljast mjög meiddandi og óvirðandi fyrir áfrýjandann sérstaklega sem prest og verður stefndi að bera alla ábyrgð á ummælunum, eins fyrir það þótt hann, eins og hann hefir fært sér til afsökunar, byggi þau að mestu leyti á sögusögn annara, og þótt orðalagið á ýmsum stöðum beri það með sér, að svo sér. Sama er og að segja um orðin: »ósóma af þeim orðrómi, sem gengur um þann herrans þjón«, að stefndi verður að bera ábyrgð á þeim orðum, þótt þau séu tekin orðrétt með tilvitnun úr blaðinu Austra.

Stefndi hefir eigi fært sönnur á ummæli sín

um áfrýjandann þau er að framan eru greind eða réttlætt þau á neinn hátt, og ber því að dæma þau dauð og ómerk og láta stefnda sæta refsingu fyrir þau, er samkvæmt 218. gr. sbr. 217. gr., og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 þykir hæfilega metin 130 krónur, og komi í stað sektarinnar, ef hún er eigi öll greidd á ákveðnum tíma, 40 daga einfalt fangelsi. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður, og ber stefnda einnig að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum. Sekt sú er umboðsmaður áfrýjanda er ídæmdur með héraðsdóminum fyrir ósæmilegan rithátt þykir nægilega ákveðin 15 krónur til fátækra sjóðs Sauda-nesshrepps og 15 krónur til landssjóðs.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Einar Einarsson greiði í sekt til landssjóðs 130 — eitt hundrað og þrjátíu — krónur, eða sæti 40 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd í tæka tíð. Framantalin meiðandi og óvirðandi ummæli um áfrýjandann eiga að vera dauð og ómerk. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður og ber stefnda einnig að greiða áfrýjandanum Halldóri prófasti Bjarnarsyni málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum. Umboðsmaður áfrýjanda í héraði cand. Páll Bjarnarson greiði í sekt fyrir ósæmilegan rithátt 15 krónur

til fátækra sjóðs Sauðanesshrepps og 15 krónur til landssjóðs.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 20/1899:

Halldór prófastur Bjarnarson  
 gegn  
 Jóni Ingimundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Jóni Ingimundssyni á Brekku í Núpasveit út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu nokkurri eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og prentað er aftan við grein nokkra, er nefnist: »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«, prentuð er í prentsmiðju Þorsteins J. G. Skaftasonar 1897 og undirskrifuð af Einari Einarssyni. Varmálið dæmt svo í aukarétti Þingeyjarsýslu 26. nóvember f. á. eftir 119. gr. hegningarlaga, að stefndi skyldi greiða sekt til landssjóðs, 25 krónur, eða til vara sæta eintöldu fangelsi í 7 daga, auk þess skyldi hann greiða áfrýjanda í málskostnað 35 krónur og hin átöldu meiðyrðiskyldu vera dauð og marklaus. Er í dónum kveðið svo á, að honum skuli fullnægja undir aðför innan 14 daga.